



Landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund,
150 Reykjavík

13. mars 2001

Efni:

Frumvarp til breytinga á lögum um lax og silungsveiði, þskj. 639 – 389. mál.

Vísað er í frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr., 76/1970, með síðari breytingum.

Landvernd gerir athugasemd við það að samtökin skuli ekki hafa fengið málið til umsagnar með formlegum hætti. Hér um að ræða löggjöf sem getur haft veruleg áhrif á stöðu náttúruverndarmála. Þá hafa samtökin opinberlega fjallað um laxeldi í sjókvíum, sbr. meðfylgjandi yfirlýsing sem Landvernd í samstarfi við önnur samtök sendi frá sér 6. desember sl.

Vegna umfjöllunar Alþingis um frumvarpið vill Landvernd koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við landbúnaðarnefnd:

1. Ekki má takmarka umsögn Veiðimálastofnunar við tiltekin atriði

Í 3. gr. er tilgreint sérstaklega hvaða umsögn Veiðimálastofnun á að veita við undirbúning veitinga rekstrarleyfa. Það er mjög eðlilegt að gerð skuli sú krafa að landbúnaðarráðherra leiti umsagnar Veiðimálastofnunar. Hins vegar er ekki nein augljós ástæða fyrir því að binda umsögn Veiðimálastofnunar við það eingöngu að svara þeirri spurningu “hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndu”, eins og segir í frumvarpinu. Veiðimálastofnun hefur fagþekkingu á fjölmörgum þáttum er varða fiskeldi og er eðlilegt að umsögn stofnunarinnar um rekstrarleyfi snerti alla þá þætti málsins sem hún hefur þekking á.

2. Veita þarf almenningi aðgang að umfjöllun um rekstarleyfi

Almenningur hefur aðgang að umfjöllun um fiskeldi þegar viðkomandi framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þetta er afar mikilvæg. Landvernd telur nauðsynlegt að almenningur hafi aðgang að ákvörðun um rekstarleyfi þegar ekki hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum. Því er lagt til að bætt verði við ákvæði þess efnis, að hafi mat á umhverfisáhrifum ekki farið fram skuli drög að rekstarleyfi kynnt almenningi með auglýsingu og veittur a.m.k. 4 vikna frestur til að gera athugasemdir við drögin. Sömuleiðis þarf að tryggja málsskotsrétt aðila á sama hátt og í meðferð með þau starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins veitir skv. lögum nr. 7/1998.

3. Við ákvörðun um gjaldtöku þarf að hafa í huga niðurstöðu Auðlindanefndar

Í 8. lið 3. gr. er fjallað um gjaldtöku. Í því sambandi vill Landvernd vísa í niðurstöður í skýrslu Auðlindanefndar. Þar segir m.a. “að nefndin telji að gjaldtaka við nýtingu náttúruauðlinda hafi við þrennskonar rök að styðjast. Í fyrsta lagi byggist hún á því að standa undir þeim kostnaði sem hið opinbera hefur af rannsóknum á og eftirliti með

nýtingu auðlindanna. Í öðru lagi sé henni ætlað að tryggja þjóðinni sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar. Í þriðja lagi er um að ræða leiðréttandi skatta og uppbætur (svo kallað græna skatta) til að tryggja hagkvæma nýtingu auðlindanna". Í þessu sambandi vaknar sú spurning hvort rekstarleyfi til fiskeldis í sjókvíum, sem eru takmörkuð af náttúrulegum aðstæðum, eigi ekki að falla undir það sem Auðlindanefnd tilgreinir sem náttúruauðlindir í þjóðareign og að því megi færa rök fyrir viðtækari gjaldtöku en fram kemur í frumvarpinu.

4. Tryggja þarf bætur vegna hugsanlegs tjóns við sleppingar

Í greinargerð með frumvarpinu segir að því fylgi nokkur hættu að eldisfiskur sleppi úr kvíum. Reynslan sýnir að sleppi fiskur er hættu á erfðamengun og útbreiðslu sjúkdóma. Laxveiði er aflvaki fjölþættrar efnahagsstarfsemi sem aflar þjóðarbúinu nálægt tveimur milljörðum króna í tekjur á ári. Nýting laxveiðihlunninda veitir liðlega 1800 lögbylum mikilvægan tekjuauka og stuðlar á þann hátt að búsetu í fjölmörgum héruðum á landsbyggðinni. Það hlýtur því að verða skynsamlegt að löggin kveði á um að rekstaráðilar skuli hafa ábyrgðatryggingar til að bæta hugsanlegt tjón sem sleppingar valda þriðja aðila.

5. Fjársektir við sleppingar

Í 3. lið 4. greinar er fjallað um tilkynningu á slysasleppingum. Í ljósi þess hve slysasleppingar geta valið alvarlegu tjóni er skynsamlegt að kveðið sé á um fjársektir ef þær eiga sér stað. Fjársektir kunna að hafa fyrirbyggjandi áhrif.

6. Í fiskeldisnefnd sitji sérfræðingar

Í 7. gr. er fjallað um skipan fiskeldisnefndar. Þar segir að í fiskeldisnefnd eigi sæti fjórir menn. Landvernd telur skynsamlegt að í lögunum sé tilgreint að nefndina skuli skipa einstaklingar með sérfræðipækkingu á sviði fiskifræði og fiskeldis. Landvernd telur einnig eðlilegt að Veiðimálastofnun tilnefni einn fulltrúa í nefndina. Landvernd bendir sömuleiðis á að eðlilegt væri að umhverfisyfirvöld ættu einnig fulltrúa í nefndinni.

7. Innflutningur framandi tegunda

Í 41. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um innflutning dýra og dreifingu framandi lífvera. Þar er m.a. kveðið á um skipan nefndar sem veita á umsögn um þetta efni og að leitað skuli álits Náttúruverndar ríkisins. Í áformum um sjávareldi hér við land er fyrirhugað að byggja á eldi á laxi af norskum uppruna. Eðli málsins samkvæmt er því um framandi lífveru að ræða sem innleidd er í íslenskt lífríki. Í framtíðinni kunna fleiri tegundir að koma til tals. Bæta þarf ákvæði í 3. gr. þar sem segir að meðhöndlun umsókna um rekstrarleyfis skuli vera í samræmi við 41. gr. laga um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Felixson

framkvæmdastjóri Landverndar

Yfirlýsing frá Bændasamtökum Íslands, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi veiðifélaga, Landvernd og NASF-Verndarsjóði villtra laxa

Íslenski laxinn er skart í náttúru Íslands og hefur mikið aðdráttarafli vegna stangaveiði og útivistar. Laxveiði er aflvaki fjölþættrar efnahagsstarfsemi sem aflar þjóðarbúinu nálægt tveimur milljörðum króna í tekjur á ári. Nýting laxveiðihlunninda veitir liðlega 1800 lögbylum mikilvægan tekjuauka og stuðlar á þann hátt að búsetu í fjölmörgum héruðum á landsbyggðinni.

Íslenski laxinn hefur einstaka erfðaeiginleika sem gera hann hæfan til að lifa í umhverfi sínu. Þúsunda ára þróun í íslenskri náttúru hefur skapað þessum villta dýrastofni sérstöðu sem okkur ber skylda til að vernda. Því verða Íslendingar að standa vörð um íslenska laxinn og koma í veg fyrir framkvæmdir sem ógna framtíð hans. Fyrir því eru rík byggðasjónarmið og efnahagsleg rök.

Eldi á norskum laxi í sjókvíum fylgir áhætta, vegna erfðablöndunar, sjúkdóma og mengunar. Erfðablöndun og afræktun getur leitt til óbætanlegs tjóns, bæði fyrir lífríkið og þau fjölmörgu býli á landsbyggðinni sem byggja afkomu sína á sölu veiðleyfa og þjónustu við veiðimenn.

Gangi fyrirbyggjandi áform um laxeldi í sjókvíum eftir gæti afleiðingin orðið að í lífríki Íslands yrði meira af laxi af norskum uppruna en íslenskum. Íslenski laxastofninn er afar smár í samanburði við þær stórbrotnu hugmyndir um fiskeldi í sjókvíum sem fram hafa komið á síðustu misserum. Reynslan í Noregi sýnir að eldislax sleppur úr sjókvíum og leitar hrygningar í ám í þeim mæli að náttúrulegum laxastofnum stafar hætta af vegna erfðablöndunar. Ekki er ástæða til að ætla að lægra hlutfall af eldislaxi sleppi úr sjókvíum við Ísland en við Noreg. Miklu fremur má ætla þetta hlutfall hærra vegna erfiðra veðurskilyrða hér við land.

Margt er óunnið áður unnt er að taka afstöðu til þess hvort veita eigi leyfi til eldis á norskum laxi í sjókvíum við Ísland. Í fyrsta lagi verður að marka skýra stefnu um verndun íslenska laxins, bæði vegna mikilvægis hans í lífríkinu og í efnahagslífi á landsbyggðinni. Í öðru lagi þarf að kanna hvernig sjókvíar yrðu staðsettar m.t.t. farleiða villtra laxa og hvernig lax af norskum uppruna hagar sér þegar hann sleppur út í íslenskt lífríki. Í þriðja lagi þarf að ætla sér tíma til að endurskoða fiskeldiskafli í núgildandi lögum um lax- og siglungsveiði og setja sjókvíaeldi skýran lagaramma sem myndi skapa atvinnugreininni eðlilegt rekstrarumhverfi og tæki jafnframt fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Í fjórða lagi þarf að þjálfva starfsmenn og skipuleggja eftirlit með starfseminni og vöktun lífríkis sem hún kann að ógna.

Það eru miklir hagsmunir í húfi og stjórnvöld verða að ætla sér nægan tíma til undirbúnings fyrir ákvörðunartöku. Kalla ber til hæfustu sérfræðinga á heimsvísu til ráðgjafar við mat á áhættu og til að meta hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar til að afla fullnægjandi vitneskju um áhrif sjókvíaeldis á norskum laxi.

Af þessum ástæðum telja Bændasamtök Íslands, Landssamband stangaveiðifélaga, Landssamband veiðifélaga, Landvernd og NASF- Verndarsjóður villtra laxa, því alls ekki tímabært að landbúnaðarráðherra heimili eldi á norskum laxi í sjókvíum hér við land.